



**Ávarp**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**á þingi Landssamtakanna Þroskahjálpar**  
**18. október 2001**

Heiðruðu þingfulltrúar  
Góðir gestir

Þegar við komum saman til að fagna aldarfjórðungs afmæli Þroskahjálpar og hefja landsþing sem fjalla mun um brýnar umbætur og önnur hagsmunamál er sannarlega ástæða til að gleðjast yfir árangrinum sem náðst hefur og þakka frumherjunum sem sýndu í senn áræðni og framsýni, ögruðu ríkjandi viðhorfum og beindu samfélagi okkar á nýjar brautir.

Þótt enn sé ærið margt ógert og þörfin mikil á auknu fjármagni og meiri liðsafla við þjónustu, fræðslu og þjálfun þá getum við á þessum tímamótum glaðst yfir þeim þáttaskilum sem orðið hafa í málefnum fatlaðra, ekki aðeins í aðbúnaði og tækifærum heldur einnig í viðhorfum þjóðarinnar til jafnréttis og réttlætis í þessum efnunum.

Landssamtökin Þroskahjálpar hafa vissulega verið öflugt baráttutæki, knúið á um aðgerðir, aukið fjármagn, hentugt húsnæði, lagasetningu, menntun starfsfólks og jöfn tækifæri til skólagöngu. En Þroskahjálpar hefur einnig með málflutningi og góðu fordæmi orðið eins konar samviska þjóðarinnar, kennt okkur að virða rétt fatlaðra til atvinnu, menntunar, fjölskyldulífs, tómstunda og allra þeirra lífsgæða sem felast í daglegri velferð, hjálpað okkur að skilja hvernig mannúð og samhjálpar geta verið leiðarljós í umbótastarfi.

Ég veit að á stundum hefur málsvörum Þroskahjálpar liðið eins og hrópanda í eyðimörk þar sem aðeins spryttu erfiðleikar og skilningsleysi og svo hægt miðaði í átt að settu marki að varla væri unnt að tala um skref fyrir skref. Þá hefur reynt á þolrifin og vonin oft verið veik. Samt hefur atorka ykkar og kjarkur skilað mörgum sigrum og þroskað með þjóðinni sterka vitund um nauðsyn samhjálpar, vitund sem er ykkur í senn traustur bakhjarl og hvatning til dáða.

Stefnuskrá Þroskahjálpar er ekki aðeins lýsing á viðfangsefnum og hagsmunum heldur einnig samnefnari fyrir þau markmið sem réttlátt samfélag hlýtur jafnan að setja sér:

- ?? Að fatlaðir eigi rétt á þjónustu samkvæmt landslögum til jafns við aðra þegna þjóðfélagsins.
- ?? Að fatlaðir eigi rétt á uppeldi hjá eigin fjölskyldum eða í samsvarandi umhverfi, á samfelldri og sérhæfðri kennslu og þjálfun, óháð aldri og á öllum skólastigum.
- ?? Að fatlaðir eigi rétt á heimili og einkalífi, á nýtsamlegu og arðbæru starfi og á frístundaiðju eftir áhuga og eigin vali.
- ?? Að fatlaðir eigi rétt á sérhæfðri umönnun, félagsskap annarra og til áhrifa á eigið líf.

Þroskahjálpar hefur gert þessi viðhorf að grundvelli ítarlegrar lýsingar á verkefnum, úrbótum og ákvörðunum sem stofnanir ríkis og sveitarfélaga þurfa að hafa að leiðarljósi og samfélag okkar að sameinast um á komandi árum.

Það er ætíð erfitt verk að ráðstafa fé úr sameiginlegum sjóðum og margvíslegar kröfur eru gerðar um fjármuni á fjárlögum, skoðanir ólíkar á því hvað eigi að vera í fyrirrúmi. Biðin eftir að vonir rætist um varanlega lausn á aðstöðu, búsetu eða þjónustu getur verið mörgum þrautin þung og því mikilvægt að reynt sé að fylgja áætlunum um úrbætur sem mótaðar voru í kjölfar mikillar vinnu og í krafti víðtækrar samstöðu.

Þótt margt bendi til að í hönd kunni að fara erfiðir tímar þá er mikilvægt að hagsmunir þeirra sem eru hjálparþurfi fái brautargengi, að hugsjónin um samhjálp og mannúð verði leiðarljós við ráðstöfun þess fjár sem til skiptanna er.

Landssamtökin Þroskahjálpar eru nú líkt og áður reiðubúin til að geta á þinginu sem hér er hafið gefið skýrt til kynna hvað skuli hafa forgang á komandi tíð, hvar sé brýnast að leggjast á árar svo úrbætur komist til þeirra sem helst þurfa á þeim að halda.

Með skýrum málflutningi og einarðri afstöðu hefur Þroskahjálpar löngum hvatt landstjórn og þjóðina alla til nýrra dáða og verður svo vonandi enn á þessu þingi.

Við þurfum svo sannarlega á því að halda að vera rækilega minnt á hagsmunum og rétt fatlaðra bræðra og systra þegar áreiti fjölmiðla og opinberrar umræðu beinist helst að auknum umsvifum í verslun og viðskiptum, sölu og arði hlutabréfa, lækkun skatta og fjárfrekum

fjárfestingum sem metnar eru á milljarðatugi. Við megum ekki verða svo altekin af keppni þeirra sem skara fram úr í auði og hagsæld að við gleymum að huga að þeim sem búa við erfiðleika og eiga allt sitt líf undir högg að sækja.

Þroskahjálpar verður í þessum efnum að vera áfram vakandi samviska þjóðarinnar, knýja okkur til að horfast í augu við misréttið sem enn blasir við á mörgum sviðum.

Ég færi félögum og velunnurum Þroskahjálpar einlægar þakkir fyrir umbótabaráttu í aldarfjórðung og vona að þjóðin megi áfram njóta leiðsagnar ykkar, að Þroskahjálpar muni ótrauð vísa okkur veginn að samfélagi réttlætis og jafnaðar þar sem hugsjónin um bræðralag, samhjálpar og mannúð er aflvaki umbóta og árangurs.

Ég óska ykkur til hamingju á merkum tímamótum og hvet ykkur til að halda bjartsýn og baráttuglöð til móts við nýja tíma.